

REGLUR

um breytingu á reglum fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387/2009.

1. gr.

1. mgr. 33. gr. reglnanna, um inntökuskilyrði, breytist og orðast svo:

Inntökuskilyrði:

Rektor, eða forsetar fræðasviða í umboði rektors, bera ábyrgð á innritun stúdenta í háskólann en inntaka stúdenta er þó endanlega á valdsviði háskólaráðs.

Stúdentar sem hefja grunnnám við Háskólann á Akureyri skulu hafa lokið stúdentsprófi, lokaprófi frá framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla, eða uppfylla skilyrðium jafn góðan undirbúning samkvæmt reglum deildar sem staðfestar hafa verið af háskólaráði. Deildir setjafram kröfur um inntak lokaprófs frá framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi auk viðbótar-krafna, um undirbúning fyrir einstakar námsleiðir í grunnnámi.

Þeir sem lokið hafa eins árs námi (60 ECTS-einingum) frá viðurkenndum háskóla eða skóla á háskólastigi geta talist uppfylla almenn inntökuskilyrði í grunnnám skv. 1. mgr., enda þótt þeir hafi ekki lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla.

Umsækjanda er heimilt að kæra synjun um innritun til áfrýjunarnefndar í málefnum háskólanema samkvæmt 20. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 20. maí 2021.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

—————
B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2021